

Dómsorð:

Stefndi, séra Sigurður Norland, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Þverárhrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. október 1962.

Nr. 125/1962. **Helgi Benediktsson**

gegn

Stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað um sakasamlag fyrir héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1962, er barst Hæstarétti 24. s. m. Hann krefst þess, að mál, er hann höfðaði gegn varnaraðiljum með stefnu 3. apríl 1962, verði sameinað sök þeirra á hendur honum samkvæmt stefnu 7. desember 1961, eins og greinir í úrskurði héraðsdómara, og svo að varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að staðfest verði ályktarorð hins kærða úrskurðar um, að þar greindar sakir verði eigi sameinaðar, og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar og meginreglna laga nr. 85/1936 um greiða málsmeðferð eru eigi efni til að taka til greina kröfu sóknaraðilja um sakasamlag.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000.00.

Það athugast, að um meðferð máls þessa í héraði hefur eigi verið gætt ákvæða 23., 25. og 28. gr. laga nr. 57/1962.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Helgi Benediktsson, greiði varnaraðiljum, stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni, kærumálskostnað, kr. 1.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 12. september 1962.

Með stefnu, útg. 7. des. 1961, birtri 12. s. m., höfðaði stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeir Ársæll Sveinsson stjórnarformaður, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Í. Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, meðstjórnendur, allir í Vestmannaeyjum, meiðyrðamál fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20 í Vestmannaeyjum, vegna ákveðinna ummæla í nafnlausri grein, sem birtist í bæjarmálablaðinu Framsókn hinn 17. janúar 1961, en stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður þess blaðs, svo og ákveðinna ummæla í aðildarskýrslu, útgefinni 24. júní 1961, sem stefndi lét leggja fram í dómsmáli og send var saksóknara ríkisins. Kröfðust stefnendur þess, að ummælin yrðu dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur til refsingar fyrir þau svo og til greiðslu málskostnaðar.

Málið var þingfest hinn 14. des. s.l. Stefndi lét mæta og fékk frest til greinargerðar til 18. janúar 1962. Er málið kom fyrir þann dag, fékk stefndi framhaldsfrest til greinargerðar í 3 vikur, eða til 8. febrúar. Þann dag fékk hann enn framhaldsfrest í viku. Er málið kom fyrir næst hinn 15. febrúar s.l., lagði stefndi fram greinargerð og krafðist algerrar sýknu og málskostnaðar sér til handa úr höndum stefnenda. Auk þess lagði hann fram ýmis skjöl. Að lokinni árangurslausri sáttaumleitan var aðiljum veittur 3ja vikna frestur til gagnaöflunar, eða til 8. marz. Þá var málinu enn frestað til gagnaöflunar í 2 vik-

ur, eða til 22. marz. Þann dag lagði stefndi fram tvö skjöl og óskaði jafnframt eftir 14 daga framhaldsfresti til frekari gagnaöflunar og til þess að koma að gagnstefnu í málinu. Stefnandi mótmælti frekari frestun málsins, og fór atriðið undir úrskurð. Gekk úrskurður í málinu 23. marz, og var hinn umbeðni frestur veittur, eða til 5. apríl s.l. Umboðsmönnum aðilja var tilkynnt þessi niðurstaða. Málið var svo tekið fyrir þann 5. apríl s.l., og var þá mætt af hálfu beggja aðilja. Báðir málflutningsmenn aðilja voru þá fjarverandi, en aðrir mættu fyrir þeirra hönd. Kváðu þeir gagnaöflun lokið og lögðu málið undir flutning. Rétturinn tók málið undir flutning.

Með gagnstefnu, útgefinni af stefndum 3. apríl s.l., áritaðri af dómara 7. apríl og birtri 9. s. m., höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefndum í fyrrgreindu máli vegna tiltekinna ummæla í stefnu þess máls. Krafðist hann ógildingar ummælanna, skaðabóta fyrir atvinnuróg, miska og meingerð, viðeigandi refsingar fyrir ærumeiðingar, brigzl og illmæli, og loks hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins. Mál þetta var þingfest 12. apríl s.l. Mætt var af hálfu stjórnenda Bataábyrgðarfélagsins og því andmælt þegar, að málið yrði sameinað hinu málinu. Málflutningsmaður gagnstefnanda krafðist hins vegar sameiningar. Umboðsmenn aðilja fengu síðan fresti á víxl til þess að koma að greinargerðum varðandi þetta atriði. Að því loknu var það lagt undir flutning þann 10. maí s.l. Farið var með gagnsökina sem sjálfstætt mál, meðan á þessu stóð. Munnlegur málflutningur fór svo fram hinn 6. þ. m. Umboðsmaður gagnstefnanda krafðist sem fyrr, að málin yrðu sameinuð, en umboðsmaður gagnadilja gerði þá kröfu, að rétturinn leyfði ekki sameiningu málanna, og auk þess krafðist hann, að gagnsökinni yrði vísað frá réttinum. Að málflutningi loknum var atriðið lagt undir úrskurð eða dóm.

Eins og nú hefur verið fram tekið, var gagnaöflun lokið í aðalmálinu og það lagt undir flutning tæpum 4 mánuðum, eftir að það var þingfest. Viku síðar er gagnsökinn þingfest. Málatilbúnaðurinn í gagnsökinni er að þessu leyti andstæður venjulegum reglum. Ennfremur geta kröfurnar í málunum ekki talizt samrættar eða það samband á milli þeirra að heimilt sé að sameina málin gegn mótmælum aðalstefnanda. Krafa um sameiningu málanna verður því ekki tekin til greina. Eins og áður segir, var farið með gagnsökina sem sjálfstætt mál, enda gert ráð fyrir því í stefnu, að svo kunni að verða með hana far-

ið, og krafa um frávísun gagnsakarinnar kom ekki fram fyrr en við munnlegan málflutning. Með þetta í huga virðist ekki rétt að taka frávísunarkröfuna til greina.

Ályktarorð:

Krafa gagnstefnanda, Helga Benediktssonar, um sameiningu gagnsakar við aðalsök er ekki tekin til greina.

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 19. október 1962.

Nr. 135/1961. Dánarbú Páls Magnússonar

(Þorvaldur Ari Arason hdl.)

gegn

Sveini Jónssyni

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Deilt um rétt til innheimtufjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Gerir hann hér fyrir dómi svofellda kröfu: „Að viðurkenndur verði eignarréttur áfrýjanda á fé því, peningum og 5000.00 kr. ávísun Inga Kröyers, útgefinni 2. ágúst 1962, samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. júlí 1957, í málinu 584/1956, Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer, sem Gunnar A. Pálsson hrl. hefur innheimt og nú er í hans vörzlum.“ Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á það í máli þessu, að hann hafi, er framangreint bæjarþingsmál, nr. 584/1956,